

Miðstig

6.bekkur

Nemendur eru ánægðir með list- og verkgreinar í Álfhólsskóla. Þeir eru ánægðir með námsvalstíma og kennarana sína. Nemendur eru ánægðir með námsráðgjafann. Þeim finnst gaman í íþróttum og í frímínútum.

Nemendur væru til í að fá að vera með tyggjó í kennslustundum. Þeir vilja að nemendur komi betur fram við hvorn annan og að bókasafnið sé alltaf opið. Þeir væru til í fleiri leiktæki á skólalóðina og ruslatunnur á skólalóðina. Nemendur myndu vilja byrja skólann kl. 08:30 eins og unglingastigið. Þeir eru ekki ánægðir með matinn og að hann eigi það til að klárast. Þeir væru til í að hafa meira val um það hvaða bækur eru keyptar á bókasafnið. Nemendur sakna þess að hafa myndmennt í list/verk. Þeir vilja fá að velja hvaða tungumál þeir læra og jafnvel fá að læra táknmál.

7.bekkur

Nemendur eru ánægðir með list- og verkgreinakennsluna í skólanum. Þeim finnst námið vera fjölbreytt og skemmtilegt. Þeir eru ánægðir með kennarana sína sem reyni alltaf að hjálpa þeim og Pegasus. Nemendur eru ánægðir með bekkjarfundi og finnst þeir fá að hafa val um námsgreinar. Þeir tala um að það sé gaman í skólanum og þeir eigi góða vini í skólanum.

Til að gera skólann betri ræða nemendur að maturinn gæti verið betri og nemendur þurfi að ganga betur um í matsal. Þeir væru til í að fá val um það hvort þeir séu inni eða úti í frímínútum. Þeir vilja byrja seinna í skólanum og fá oftari slökun. Nemendur gætu verið jákvæðari og kurteisari við starfsfólk. Þeir myndu vilja fá lengri matartíma þegar þeir koma beint í mat úr sundi. Nemendur myndu vilja fá huggluegra námsrými, nýjar gardínur og skólahúsgögn. Þeir myndu vilja fá tækifæri til að kaupa sér snarl/nesti í matsal (annað en það sem er í hádegismatinn). Einhverjir nemendur væru til í meira af skapandi skólastarfi, setja upp sýningar, vera með kynningar og fara í ferðir. Þeir vilja fá að nota tyggjó í kennslustundum.

Unglingastig

8.bekkur

Nemendur eru ánægðir með Pegasus og góða mætingu í félagsmiðstöðna. Þeir tala um að flestir kennarar séu góðir. Ánægja með list- og verkgreinarnar á unglingastiginu. Nemendur upplifa að þau fái góða pásu á milli kennslustunda. Þeir fái að vinna að fjölbreyttum verkefnum í spjaldtölvum sem nemendur í öðrum skólum fá ekki að vinna. Þeir eru ánægðir með að Álfhólsskóli sé ekki símalaus skóli og eru ánægðir með nýju aðstöðuna í unglingaálmunni. Nemendur tala um að þeir verði ekki varir við einelti og finnst skólinn gera mikið til að koma í

veg fyrir og stoppa einelti. Nemendur eru ánægðir með valið, finnst úr mörgu að velja og margir tímar í vali.

Nemendum finnst ástæða til að endurnýja mörkin á fótboltavellinum. Þeir finnst ofur áhersla á stærðfræði og íslensku á kostnað hinna greinanna. Einhverjir eru leiðir á ferilmöppum í list/verk. Þeim þykja föstudagar of langir og vildu frekar vera lengur einhvern annan dag. Þeir myndu vilja breyta fyrirkomulaginu á sundkennslunni, myndu vilja að það væri val í 8.bekk hvort þeir færu í sund eða íþróttir. Þeir myndu vilja nýta bókasafnið oft og betur. Þeim finnst áhættuhegðun fara vaxandi og að of margir nemendur veipi í skólanum. Þeir vilja fá fleiri vettvangsferðir. Nemendur vilja fá tækifæri til að versla sér nesti/snarl í skólanum. Nemendur eru ekki ánægðir með matinn í skólanum. Nemendur ræða að það sé oft kalt á ganginum og það þurfi að huga að því hvernig megi kynda betur. Þeim þykir mikið álag vegna heimavinnu. Nemendur myndu vilja byrja seinna í skólanum en vilja líka fá að hætta fyrr á daginn. Þeir myndu vilja fá meira val í íþróttum og handboltavöll á skólalóðina. Nemendur vilja fá tækifæri til að segja sína skoðun oft og að hlustað sé á skoðanir þeirra, þótt kennarar eða stjórnendur séu þeim ósammála. Þeim finnst almennt of mikið álag á sér og vilja að skóladagurinn sé styttri og heimanámið minna. Nemendur vilja fá aðgang að útileikföngum til að nýta í frímínútum, snúsnúband, bolta o.fl.

9.bekkur

Nemendur eru ánægðir með kennara og starfsfólk skólans. Ánægja með list- og verkgreinar á unglíngastigi sem og sund og íþróttir. Þeir eru mjög ánægðir með starfið hjá Pegasus. Upplifa að þeir hafi frelsi til að stýra eigin námi í uppbroti (bíp).

Til þess að gera skólann okkar betri telja nemendur að þeir gætu sýnt hver öðrum meiri virðingu, gengið betur um og komið betur fram. Það mættu vera fleiri ruslatunnur aðgengilegar á skólalóðinni. Maturinn gæti verið fjölbreyttari og betri. Gott væri ef innihaldslýsingar væru aðgengilegar og væri gaman ef það væri stundum eftirrættur, gæti verið eitthvað hollt eins og frosnir ávaxtapinnar. Þá eru einhverjir sem myndu vilja enda fimmtudaga á umsjón en ekki vali. Þó nokkrir sakna þess þegar föstudagar voru stystu dagar vikunnar.

Nemendur vilja gera skólastofurnar meira kósý, með sófum eða grjónapúðum. Þeir vilja að námið sé nemendamiðaðra og fleiri verkleg verkefni, það sé alltof mikil bókamíðun.

10.bekkur

Nemendum líkar við kennara skólans og finnst þeir fá þann stuðning sem þeir þurfa í náminu. Gott að leita til námsráðgjafa og/eða kennara. Starfsfólki er annt um nemendur, fylgjast með líðan og vilja að öllum líði vel. Jöfnuður þegar kemur að námsgögnum, skólinn útvegur ípada, skriffæri og námsgögn. Nemendur tala um að þeir verði ekki varir við einelti í skólanum og að flestir eigi góða vini.

Ánægja með list- og verkgreinar á unglíngastigi. Góður skólabragur í skólanum. Nýju húsgögnin í unglíngaálmunni vekja lukku. Ánægja með fótbolta- og körfuboltavellina.

Það sem þarf að bæta í skólanum er að bæta samskipti milli kennara og nemenda. Nemendur eru ekki sáttir við matinn og hversu oft hann klárast. Eins myndu nemendur vilja fá tækifæri til að hafa oftari áhrif á matseðilinn. Bæta þarf vinnufrið í kennslustundum. Kalt í ákveðnum rýmum á veturnar, væri gott ef það væri gólfhiti til að sporna gegn bleytu og hita kaldar tær. Nemendur myndu vilja fá fleiri tækifæri til að sinna verklegum verkefnum. Kennarar mættu skipuleggja sig meira saman. Allir mættu bera meiri virðingu fyrir öðrum. Einhverjum finnst vera of mikið álag í verkefnaskilum. Þá kemur einnig fram að nemendur myndu vilja fá fjölbreyttara nám og fleiri "hands on" verkefni. Einnig myndu nemendur vilja fá tækifæri til að fá einstaklingssamtöl við kennara varðandi verkefni og fleira. Nemendur vilja fleiri bekkjarkvöld og hópefli. Margir ræða þörf fyrir skemmtilega afþreyingu í frímínútum, ping pong borð, pool, foosball eða annað. Þá mætti einnig auka umburðarlyndi nemenda fyrir fjölbreytileikanum og draga úr fordómum. Umgengni mætti vera betri.